

Fyrirspurn

til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um meðferð aflaheimilda.

Frá Ólínu Þorvarðardóttur.

1. Hversu mikið magn fiskveiðiheimilda í þorski, ýsu, ufsa, rækju, kolmunna og steinbít hefur verið leigt milli útgerða (í aflamarkskerfi og krókaafلامarkskerfi) á fiskveiðiárunum 2006–2007, 2007–2008 og á yfirstandandi fiskveiðiári?
2. Hversu mikið magn aflaheimilda í rækju, skrápflúru, grálúðu, sandkola og ufsa hefur á framangreindu tímabili:
 - a. verið ónýtt (óveitt),
 - b. verið nýtt af sjálfum handhöfum aflaheimildanna?
3. Hversu mikið magn ónýttra aflaheimilda í þorski, ýsu, ufsa, rækju, kolmunna, steinbít, grálúðu og sandkola hefur verið fært milli ára á fyrrgreindu tímabili?
Svar óskast einnig sundurliðað eftir hlutfalli af heildarkvóta í tilteknum tegundum.

Skriflegt svar óskast.